

PCC Bakki Silicon hf.
Bakkavegur 2
640 Húsavík

Reykjavík, 13. desember 2022
UST202202-360/S.M.
08.07.02

Reglubundið eftirlit í PCC Bakki Silicon

Þann 10. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í PCC Bakki Silicon á Bakka. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun þann 24. ágúst sl. vegna eldri frávíka og frávíka er fram komu í eftirliti 31. mars 2022. Eftirfarandi frávik eru opin:

Frávik úr eldri eftirlitum:

1. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Vegna mikils magns af framleiðsluryki og úrgangi á svæðinu eru niðurföll víða stífluð sem hindrar virkni ofanvatnsfráveitukerfis.
2. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Umgengni á lóð er verulega ábótavant en þar ægir saman framleiðsluúrgangi, ýmiskonar byggingaúrgangi, raflögnum, tunnum og annars konar blönduðum úrgangi.
3. Gr. 3.15 í starfsleyfi. Að minnsta kosti 1100 tonn af framleiðsluúrgangi (ónýtanlegum aukaafurðum) eru áætlaðar á lóð PCC en þær skulu að jafnaði ekki nema meiru en 900 tonnum á ári skv. ákvæðum starfsleyfisins.

Frávik í eftirliti 31. mars 2022:

4. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Mikið ryk var á gólfum verksmiðjunnar sem bendir til þess að bæta þurfi verklag til að draga úr losun mengunarefna og stuðla að snyrtilegu rekstrarsvæði.
5. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Ef nauðsynlegt er að geyma hráefni og framleiðsluvöru utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hætta á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar, þar með talið í frárennsli. Haugur af timburkurli á hráefnasvæði rekstraraðila hefur dreift sér töluvert út fyrir hráefnasvæðið.

Frávik í eftirliti 10. október 2022:

6. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Styrkur svifagna í ofanvatni sem losað er í Bakkaá skal vera undir 35 mg/l. Styrkur svifagna í ofanvatni í mælingu 2022 mældist 35,3 mg/l sem er yfir starfsleyfismörkum.

Í samræmi við 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018 óskar Umhverfisstofnun eftir eftirfarandi:

- a) Stöðu úrbóta vegna frávíka 1-4 hér að ofan.
- b) Uppfærða tímasetta áætlun um úrbætur vegna frávíks 5 hér að ofan.
- c) Tímasetta áætlun um úrbætur vegna frávíks 6 hér að ofan.

Framangreind atriði (a-c) skulu berast Umhverfisstofnun eigi síðar en 10. janúar 2023.

Virðingarfyllt,

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
Sérfræðingur